

YFIRLÝSING

Vísað er til mótframlagslána sem félögum sem uppfylla tiltekin skilyrði stendur til boða að fá lánað frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, kt. 691097-2859, Kringlunni 3, 103 Reykjavík („NSA“), í formi breytanlegs skuldabréfs með beinni aðfararheimild („mótframlagslán“), ef félög hafa aflað sér fjármögnunar frá 1. mars sl., eða munu afla sér fjármögnunar, frá fjárfesti eða fjárfestum.

Enn fremur er vísað til umsóknar [], kt. [], [] („félagið“) til lánanefndar, sbr. lög um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins (mótframlagslán) sem samþykkt voru á Alþingi þann 29. júní sl. („umsóknin“).

Hér með er eftirfarandi lýst yfir og staðfest með óafturkræfum hætti af hálfu undirritaðs/undirritaðra aðila („fjárfestir“ eða „fjárfestar“) í tengslum við umsóknina:

1. Fjárfestir/fjárfestar hefur/hafa kynnt sér vel allar reglur og öll þau gögn sem varða veitingu mótframlagslána, nánar tiltekið (i) auglýsingu um mótframlagslán, (ii) umsóknareyðublað, (iii) form að breytilegu skuldabréfi til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, (iv) form að fundargerð hluthafafundar og (v) form af breytilegu skuldabréfi til mótfrárfesta.
2. Fjárfestir/fjárfestar hefur/hafa kynnt sér vel umsóknina og staðfestir/staðfesta, sé fjármögnun í formi láns, að lán hans/þeirra verði að öllu verulegu leyti í formi breytanlegs skuldabréfs til mótfrárfesta, sbr. lið (v) töluliðar 1 hér að framan. Hafi slík lánsfjármögnun þegar átt sér stað staðfestir/staðfesta fjárfestir/fjárfestar að henni verði umbreytt í slíkt breytanlegt skuldabréf til mótfrárfesta.
3. Fjárfesti/fjárfestum er ljóst að yfirlýsing þessi er eitt af skilyrðum fyrir því að félagið geti fengið mótframlagslán frá NSA og að grundvöllur mótframlagslána er að jafnræðis sé gætt milli mótframlagsláns og lánsfjármögnunar frá fjárfesti/fjárfestum.
4. Fjárfestir/fjárfestar lýsa því hér með yfir að hann/þeir séu skuldbundnir til að leggja félaginu til aukið fjármagn, í formi hlutafjár eða lánsfjár, að a.m.k. sömu fjárhæð og mótframlagslán sem sótt er um og á þeim kjörum sem kemur fram í umsókn.
5. Hafi slík fjármögnun þegar átt sér stað eru meðfylgjandi þessari yfirlýsingu allar upplýsingar og skjalagerð sem varða þá fjármögnun og staðfestir/staðfesta fjárfestir/fjárfestar að þær upplýsingar eru réttar, með undirritun sinni á yfirlýsingu þessa. Staðfest er að hálfu fjárfestis/fjárfesta að hann/þeir hafi ekki fengið, og mun/munu ekki fá, neitt endurgjald frá félaginu fyrir að veita lán eða hlutafjárframlag til félagsins.
6. Fjárfestir/fjárfestar lýsa því hér með yfir að hann/þeir falla frá því að beita hvers kyns réttindum sem hann/þeir kunna að hafa, sé fjármögnun í formi lánsfjár, sem er umfram réttindi NSA samkvæmt mótframlagsláni. Á þetta jafnframt við um veðréttindi, nema NSA hafi samþykkt að njóta sams konar veðréttinda og fjárfestir/fjárfestar og að NSA hafi verið veitt slík veðréttindi.

7. Fjárfestir/fjárfestar lýsir/lýsa því yfir að hann/þeir skuli bæta NSA allt það tjón sem NSA kann að verða fyrir verði brotið gegn töluliðum 4, 5 og 6 í yfirlýsingu þessari og er fjárfesti/fjárfestum kunnugt um að forsenda lánveitingar NSA er að ekki verði brotið gegn framangreindum töluliðum. Fjárfestir/fjárfestar skuldbinda sig til þess að framselja ekki lán hans/þeirra til félagsins, nema nýr lánveitandi/lánveitendur hafi beint sömu yfirlýsingu til NSA, ásættanlegri NSA.

Sé yfirlýsing þessi undirrituð f.h. félags ábyrgjast þeir einstaklingar sem undirrita f.h. þess að þeir hafi fullt hæfi til að skuldbinda viðkomandi félag.

Staður/dagsetning

Undirritun

Undirritun

Undirritun

Tengiliður:

Nafn:

Kt.:

Tölvupóstfang:

Símanúmer: